

Fjöldi fólks nýtti sér veðurblíðuna í gær og nokkrir brugðu sér á skautu á ísilaðri Reykjavíkurtjörn. Veður var lygnt og kalt og ísinn tilvalinn til skautaiðkunar. FRÉTTA BLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Þrjú hæfastir í embætti við Hæstarétt

Davíð Þór Björgvinsson, Ingveldur Einarsdóttir og Sigurður Tómas Magnússon, dómarmarar við Landsrétt, eru talin hæfast um umsækjenda um embætti við Hæstarétt. Frestur til að gera athugasemdir við matið rann út á föstudag.

STJÓRNSÝSLA Dómnefnd um hæfni umsækjenda um dómaraembætti telur þrjú af átta umsækjendum hæfasta til að hljóta skipun í lausa stöðu dómara við Hæstarétt. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins. Þau þrjú sem um ræðir eru Ingveldur Einarsdóttir, Davíð Þór Björgvinsson og Sigurður Tómas Magnússon. Þau eru öll dómarmarar við Landsrétt.

Alls sóttu átta um stöðuna og hafa þeir fengið erindi þessa efnis frá dómnefndinni. Frestur þeirra til að gera athugasemdir við matið rann

» Ingveldur Einarsdóttir þykir líkleg til að hljóta skipun í embætti því að af átta dómurum sem nú sitja í réttinum er aðeins ein kona.

út á föstudaginn. Gera má ráð fyrir að dómnefndin hafi þegar hafist handa við úrvinnslu athugasemda og niðurstaða nefndarinnar gæti því legið fyrir í þessari viku.

Markús Sigurbjörnsson og Viðar

Már Matthíasson tilkynntu ráðherra á haustmánuðum að þeir hygðust láta af embætti við Hæstarétt en þeir urðu 65 ára á árinu sem er að líða. Aðeins einn dómari verður skipaður í stað þeirra tveggja vegna sólarlags-ákvæðis í nýjum dómstólalögum um fækkun dómara við Hæstarétt.

Af þeim átta sem gegna stöðu dómara við Hæstarétt er aðeins ein kona, Gréta Baldursdóttir. Gréta er komin á leyfilegan eftirlaunaaldur en í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins í sumar sagðist Gréta ekki vera á

útleið úr réttinum að svo stöddu.

Með tilliti til mikils kynjahalla við réttinn þykir þeim sem Fréttablaðið hefur rætt við við líklegast að Ingveldur hljóti skipun í hið lausa embætti. Ingveldur hefur töluverða reynslu af dómaraströfum á öllum dómstigum, en hún var dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur áður en hún var skipuð í Landsrétt. Hún hefur einnig verið sett dómari við Hæstarétt og starfaði þar um nokkurra ára skeið vegna álags við réttinn á árunum eftir hrún. — aa

Ekki bara tal heldur tillögur

SJÁVARÚTVEGSMÁL „Við erum ekki bara að tala eins og mér finnst ríkisstjórnin vera að gera, heldur erum við að koma með tillögur. Það getur vel verið að þær verði óþægilegar og það verði mikið uppnám hjá útgerðinni,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar um nýtt frumvarp um stjórn fiskveiða.

Frumvarpinu, sem flutt er af þingflokki Viðreisnar auk þingmanns Pírata og Samfylkingarinnar, er ætlað að auka fjárhagslegt gegnsæi sjávarútvegsfyrirtækja. Þar er gert ráð fyrir að öll félög sem eigi meira en eitt prósent af heildaraflahlutdeildum verði skráð á markað.

Einnig eru í frumvarpinu gerðar ráðstafanir til að tryggja dreift eignarhald stærstu fyrirtækjanna og skilgreining á tengdum aðilum skýró. — sar / sjá síðu 4

★ ★
★ Glæsileiki

ROLEX	TUDOR
TAG Heuer	LONGINES
NOMOS GLASHÜTTE	TISSOT

MICHELSEN 1909

Hafnartorg · 511 1900 · michelsen.is

nettó FRÁBÆR JÓLATILBOÐ Í NETTÓ!

ALGJÖR VERÐSPRENJA!

Nautalund Danish Crown
2.999 KR/KG
ÁÐUR: 4.999 KR/KG

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.


Góð fyrirheit fyrir Tókýó

SUND Sundkappinn Anton Sveinn McKee sem syndir fyrir hönd SH var að vonum sáttur eftir að hafa sett sjö Íslandsmet og tvö Norðurlandamet á EM í 25 metra laug sem lauk í Skotlandi um helgina. Anton Sveinn segist vera ánægður með framfarirnar í aðdraganda Ólympíuleikanna í Tókýó næsta sumar þar sem hann verður meðal þátttakenda.

„Pressan var minni í aðdraganda mótsins eftir að hafa tryggt mér sæti á ÓL fyrir á árinu. Ég hafði því í raun engu að tapa og þetta var góð áskorun í undirbúningnum fyrir Ólympíuleikana. Góð leið til að sjá hvað við erum að gera rétt, hvernig tæknin er og þolið, hvernig á að haga sér á milli sunda og auðvitað að læra að hafa gaman.“

— kpt / sjá síðu 12

Veður



Norðaustan 8-15 m/s, en lægir í kvöld. Víða él, en bjart S- og V-lands og hiti kringum frostmark að deginum. **SJÁ Síðu 16**



Maðurinn féll til bana af svölum á þriðju hæð hússins eftir hádegi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fall manns af svölum til rannsóknar

LÖGREGLUMÁL Lögreglan rannsakar mannslát sem varð í Úlfarsárdal um miðjan dag í gær er karlmaður féll til bana af svölum fjölbýlishúss. Maðurinn var fluttur á Landspítalann og var úrskurðaður látinn við komuna þangað að því er fram kemur í yfirlýsingu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Mikill viðbúnaður var á vettvangi í kjölfar atburðarins og voru fimm

» Fimm voru handteknir vegna málsins í gær. Rannsókn málsins er á frumstigi.

manns handteknir. Þeir eru allir erlendir ríkisborgarar.

Margeir Sveinsson aðstoðaryfir-lögregluþjónn vildi lítið tjá sig um málið við Fréttablaðið áður en það fór í prentun í gærkvöldi, að öðru leyti en að málið væri í rannsókn. Að hans sögn beinist rannsóknin að því hvort maðurinn hafi stökkið sjálfviljugur fram af svölunum eða hvort honum hafi verið hrint fram af þeim. Margeir vildi ekki svara því hvort teknar hefðu verið skýrslur af hinum handteknunum eða hvort lögmenn og eftir atvikum túlkar hefðu verið kallaðir til. – aa

Ljósadýrð



Það verður ekki annað sagt en að miðbærinn iði af lífi þessa dagana enda jólaundirbúningurinn kominn á fullt. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Engar uppsagnir hjá þeim sem veita þjónustu

HEILBRIGÐISMÁL Engum starfsmanni hefur verið sagt upp í klínískri þjónustu á Landspítalanum. Þetta staðfestir Ragna Gústafsdóttir, deildarstjóri á bráðamóttöku. Búið er að fækka í framkvæmdastjórn og á skrifstofum framkvæmdastjóra.

„Engar uppsagnir hafa átt sér stað í hjúkrun eða hjá öðrum starfsstéttum, hvorki hjá læknum né sjúkraliðum, hér á bráðadeild,“ segir Ragna. Páll Matthíasson skrifaði um „sársaukafullar uppsagnir“ á Landspítalanum í forstjórastöðu sínum sem birtist á föstudag. Hvergi kemur fram hversu mörgum hefur verið sagt upp og ekki náðist í forstjórnar við vinnslu fréttarinnar.

Ragna segir líklegt að Páll eigi við uppsagnir á skrifstofu framkvæmdastjóra. „Ég hef ekki heyrt um neinar uppsagnir á klíník og það hafa ekki verið uppsagnir á bráðadeild,“ staðfestir hún. – ilk

Mikil þétting byggðar í kortunum á Selfossi

Sveitarstjórn Árborgar stefnir að mikilli þéttingu byggðar á Selfossi þar sem íbúum fjölga mjög hratt. Greiningarvinna er þegar hafin. Aðgangur íbúa að leikvöllum og grænum svæðum verður áfram tryggður, segir sveitarstjórnin.

ÁRBORG Sveitarstjórn Árborgar stefnir að því að þetta byggðina innan Selfoss og hefur fengið verkfræðistofuna Eflu á Suðurlandi til að gera skýrslu um mögulega þéttingarreiði. Sextán reitir hafa verið valdir og sex þeirra teknir til frekari greiningar í fyrsta áfanga. „Ein helsta ástæðan fyrir því að við viljum þetta byggðina er gríðarlega mikil eftirspurn eftir byggingarlóðum á Selfossi. Við höfum varla undan að framleiða íbúðir fyrir fólk,“ segir Gísli Halldór Halldórsson, sveitarstjóri Árborgar. Byggðar hafa verið um 200 til 300 íbúðir á ári og á síðasta ári fjölgaði íbúum í sveitarfélaginu um 1.000, þar af langmest á Selfossi.

„Við höfum áhyggjur af því að ef við náum ekki að anna eftirspurninni þá hækki það fasteigna- og lóðaverð fram úr hófi. Því er handhægt að líta til þeirra svæða þar sem gatnagerð er tilbúin og lítið þarf til að hefja framkvæmdir,“ segir hann.

Í heildina gerir þetta um 43.000 fermetra í lóðum og um 13.500 fermetra í byggingarsvæði. Ekki hefur verið ákveðið hvers konar íbúðir verður um að ræða.

Bæjarstjórn bað um úttektina í nóvember síðastliðnum og hugmyndirnar verða núna lagðar fram til kynningar og umræðu. Gísli segir útilokað að segja til um lokaniðurstöðuna og hverjir af þessum reitum haldist vænlegir eftir umræðuna. „Næsta skref er að heyra í íbúum og kanna afstöðu til þeirra reita sem minnstar líkur eru á að valdi óánægju,“ segir Gísli sem vonast til að það verði ljóst í vetur hvað verði gert, helst fyrir páska. „Við þurfum að hafa hraðar



16 nýr byggingarreitir innan byggðar voru kannaðir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Við höfum áhyggjur af því að ef við náum ekki að anna eftirspurninni þá hækki það fasteigna- og lóðaverð fram úr hófi.



Gísli Halldór Halldórsson, sveitarstjóri Árborgar

hendur en verðum að gefa fólk tækifæri á að bregðast við og lýsa sínum skoðunum.“

Umræða hefur skapast á meðal íbúa í bænum um grænu svæðin og leikvöllina sérstaklega, sem hugsanlega hverfa með þéttingunni. Í inngangi skýrslunnar er þó sérstaklega kveðið á um þessi svæði og mælt með því að sveitarfélagið geri áætlun um þau, það er að sem flestir íbúar geti haft aðgang að leiksvæði innan 300 metra radiuss.

Gísli segir að aðgangur að leiksvæðum verði í forgangi og ef einhver leiksvæði fari undir byggð verði aðrar lausnir til staðar. „Við erum að fara að byggja tvö ný leiksvæði sem mikil þörf er fyrir strax á næsta ári,“ segir hann.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Gjafakort

BONUS

• Fæst í öllum verslunum

• Góð gjöf sem kemur sér vel fyrir alla

Einstök hönnun

á frábæru verði hjá Penninn Húsgögn

Þú getur stólað á gæðin



House Bird

Tilboðsverð frá : 14.900 kr.



Eames Lounge Chair / Charles & Ray Eames, 1956

Hægindastóllinn sem sameinar fágaða hönnun og þægindi býðst nú á frábæru verði, þökk sé hagstæðum samningum við framleiðandann.

Verð frá 695.000 kr.



Kauptu þrjá og fáðu fjórða FRÍAN

Eames DSR / Charles & Ray Eames, 1950

Tilboðsverð: 39.900 kr.

Verð áður: 52.900 kr.



Polder sofa / Hella Jongerius, 2005

Tilboðsverð: 698.000 kr.

Verð áður: 798.000 kr.

Verðlækkun: 100.000 kr.



Coffee table svartur askur / Isamu Noguchi, 1944

Tilboðsverð: 269.000 kr.

Verð áður: 314.900 kr.

Verðlækkun: 45.900 kr.

vitra.

Opið virka daga 8:00–18:00
husgogn@penninn.is
www.penninn.is

Skeifunni 10, Reykjavík
Hafnarstræti 91–93, Akureyri
Hafnarstræti 2, Ísafirði

VALITOR
Við bjóðum uppá raðgreiðslur

Penninn
Húsgögn

Lilja mælir fyrir frumvarpi um fjölmiðla á Alþingi í dag

FJÖLMIÐLAR Frumvarp menntamálaráðherra um styrki til einkarekinna fjölmiðla er á dagskrá þingfundar í dag. Verði dagskrá þingfundar tæmd mælir ráðherra fyrir málinu og fer það svo til meðferðar í allsherjar- og menntamálanefnd. Gera má ráð fyrir að óskað verði eftir umsögnum um málið og það svo tekið aftur til meðferðar í nefndinni að loknu jólahefði.

Í frumvarpinu er kveðið á um

endurgreiðslu til einkarekinna fjölmiðla vegna kostnaðar sem fellur til við miðlun fréttar, fréttatengds efnis og umfjöllun um samfélagsleg mál-efni. Samkvæmt frumvarpinu getur hlutfall endurgreiðslu orðið að hámarki 18 prósent af kostnaði, þó ekki hærrí en sem nemur fimmtíu milljónum króna.

Ekki hefur verið eining um málið í stjórnarliðinu og hefur málið ítrekað strandað í þingflokki Sjálf-



Lilja kynnti áform um stuðning við fjölmiðla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

stæðisflokksins. Í upphaflegu frumvarpi ráðherrans var gert ráð fyrir endurgreiðslu á allt að 25 prósentum kostnaðar. Talan var svo lækkuð niður í 20 prósent. Í því frumvarpi sem lagt var fram fyrir helgi er, sem fyrr segir, aðeins gert ráð fyrir að hlutfall endurgreiðslu verði 18 prósent.

Þegar er gert ráð fyrir endurgreiðslu til einkarekinna fjölmiðla í fjárlögum fyrir næsta ár sem sam-

þykkt voru í lok nóvember. Er þar gert ráð fyrir 400 milljóna útgjalda-svigrúmi til stuðnings við einkarekna fjölmiðla.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lögin taki gildi 1. janúar næstkomandi og taki til kostnaðar sem fellur til frá og með rekstrarárinu 2019. Verði frumvarpið samþykkt snemma á vorþingi mun það að óbreyttu hafa afturvirk gildi á þessu leyti. – að



FRÉTTABLAÐIÐ IS

1 Sjálfstæðir listamenn borga fyrir að vinna Fréttaskýring um stöðuna á sjálfstæðu senunni.

2 Það mátti engu muna, sekundum síðar var húsið orðið aelda Íslensk fjögurra manna fjölskylda missti aleiguna í eldsvoða í Noregi á föstudaginn.

3 Þrifa upp eftir fylgjendur sína eftir að eggjum var kastað í vitlaust hús Aron Már, Herra Hnetusmjör og Birgir Hákon þrifu eggjaslettur af húsi sem þeir töldu vera heimili ritstjóra DV.

4 Fimm manns handteknir vegna mannláts í Úlfarsárdal Maður féll af svölum og var úrskurðaður látinn.

5 Jólásveinar með rímnaflæði í jólabaði við Mývatn Jólásveinarnir fóru í sitt árlega jólabað við Mývatn í gær.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fánleg á www.frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á www.frettabladid.is#nyskraning Það kostar ekkert.

Nauðsynlegar tillögur til að byggja upp traust á greininni

Þingflokkur Viðreisnar, auk þingmanns Pírata og Samfylkingarinnar, hefur lagt fram frumvarp á Alþingi um stjórn fiskveiða. Vilja auka gagnsæi, tryggja dreift eignarhald stærri fyrirtækja og afmarka skýrar hámarks aflahlutdeild. Formaður Viðreisnar segir að samhliða þurfi að breyta stjórnarskránni.

SJÁVARÚTVEGUR „Það er alveg á hreinu að frumkvæðið mun ekki koma frá ríkisstjórnarflokkunum eða Miðflokknum í þessum málum. Þess vegna þarf að halda þeim við efnið,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, um nýtt frumvarp um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða.

Frumvarpinu sem flutt er af þingflokki Viðreisnar auk Pírata Helga Hrafn Gunnarssonar og Helgu Völu Helgadóttur þingkonu Samfylkingarinnar, er ætlað að auka gagnsæi fjárhagsupplýsinga sjávarútvegsfyrirtækja.

Þannig er lagt til að útgerðarfyrirtæki sem ráða yfir einu prósentu eða meira af heildaraflahlutdeild skuli skráð á markað. Einnig er lagt til að skilgreining á tengdum aðilum verði rýmkuð verulega frá því sem nú er og að hámark aflahlutdeildar sem einstakur aðili eða tengdir aðilar geta ráðið yfir verði afmarkað með skýrari hætti. Þá er í frumvarpinu að finna ákvæði til að tryggja dreift eignarhald félaga sem fara yfir átta prósent heildaraflahlutdeilda.

Þorgerður Katrín segir að frumvarpið hafi verið í vinnslu í nokkurn tíma en mikilvægt sé að koma því á dagskrá nú enda um grundvallarmál að ræða.

„Við erum ekki bara að tala eins og mér finnst ríkisstjórnin vera að gera, heldur erum við að koma með tillögur. Það getur vel verið að þær verði óþægilegar og það verði mikið uppnám hjá útgerðinni. En þetta er algjörlega nauðsynlegt ef við eigum að byggja upp traust og trúverðuleika á þessari mikilvægu atvinnu-



Frumvarpinu er meðal annars ætlað að auka gagnsæi og tryggja dreift eignarhald. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ef menn vilja bara óbreytt ástand þá skulu þeir bara segja það skýrt og skorinort.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar

grein,“ segir Þorgerður Katrín.

Hún segir að krafan um gagnsæi eignarhalds þýði ekki endilega að verið sé að koma í veg fyrir samþjöppun. Verið sé að koma í veg fyrir að eignarhald stórra fyrir-

tækja sé bara á höndum örfárra einstaklinga og fjölskyldna.

„En þetta er prinsippmál og þannig verða allir flokkar að nálgast þetta. Ef menn vilja bara óbreytt ástand þá skulu þeir bara segja það skýrt og skorinort. Þá eru farnar að myndast ákveðnar skýrar línur í íslenski pólitík.“

Þá komi til greina að endurskoða nákvæmlega hvar mörk eignarhalds eigi að liggja varðandi skráningarskyldu á markað. Frumvarpið gerir ráð fyrir aðlögunartíma fyrir þau fyrirtæki sem í hlut eiga.

„Ef við komumst að samkomulagi þvert á flokka um þetta prinsipp getum við auðvitað farið í að ræða

hvort hlutfallið eigi að vera minna eða meira. En þetta er algjört prinsipp að þegar menn eru komnir yfir tiltekinn hluta af auðlindinni verði menn að skrá fyrirtækið á markað.“

Þorgerður bendir einnig á að skilgreiningin á tengdum aðilum sé of óljós í dag. Það hafi meðal annars valdið Fiskistofu og eftirlitsaðilum erfiðleikum.

„Samhliða þessu þarf auðvitað að breyta auðlindaákvæðinu í stjórnarskránni. Mér sýnist núna stóri slagurinn fara að standa um það. Fólk er farið í hefðbundnar skotgrafir og það má greinilega ekki breyta miklu.“

sighvatur@frettabladid.is

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF TILBOÐ Á VÖLDUM SÝNINGARBÍLUM ERUM Í SAMNINGSSTUÐI

jeep.is



JEEP® WRANGLER
TILBOÐSVERÐ Á SÝNINGARBÍL
FRÁ: 11.590.000 KR.



JEEP® GRAND CHEROKEE
TILBOÐSVERÐ Á SÝNINGARBÍL
FRÁ: 9.990.000 KR.



JEEP® CHEROKEE
TILBOÐSVERÐ Á SÝNINGARBÍL
FRÁ: 7.490.000 KR.



JEEP® RENEGADE
TILBOÐSVERÐ Á SÝNINGARBÍL
FRÁ: 4.990.000 KR.

FYRIR FÓLK

á ferðinni



Hentugt millimál

Ísey skyr fæst nú í nýjum hentugum umbúðum til að grípa með sér á ferðinni, eftir æfingu eða sem nesti fyrir fólk á öllum aldri.

LAKTÓSA
LAUST

Iseyskyr.is



Sanna Marin tekur við embætti í vikunni. NORDICPHOTOS/GETTY

Finnar fá 34 ára forsætisráðherra

FINNLAND Sanna Marin verður næsti forsætisráðgjafi Finnlands en hún var í gær valin afflokksráði Jafnaðarmannaflokksins til að gegna embættinu. Flokkurinn leiðir ríkisstjórn fjögurra flokka sem tók við völdum í júní síðastliðnum.

Antti Rinne, fráfari forsætisráðgjafi, sagði af sér embætti í síðustu viku eftir vantraustsfirlyðingu Miðflokksins.

Marin, sem fékk 32 atkvæði gegn 29 atkvæðum keppinautar síns, sagði að mikil vinna væri fram undan við að byggja upp traust. Hún sagði að stjórnarsáttmálinn héldi flokkunum saman.

Sanna Marin, sem er 34 ára, verður yngsti forsætisráðgjafi í sögu Finnlands. Hún hefur setið á þingi frá árinu 2015 og var samgönguráðgjafi í ríkisstjórn Rinne. – sar

Höfðu með sér fangaskipti

BANDARÍKIN Stjórnvöld í Íran og Bandaríkjunum höfðu á laugardag með sér fangaskipti. Það voru yfirvöld í Sviss sem höfðu milligöngu um aðgerðina.

Íranir slepptu bandaríska ríkisborgaranum Xiyue Wang sem var í haldi í þrjú ár grunaður um njósnir. Bandaríkjamenn létu Íranann Massoud Soleimani lausan en hann sætti ákæru vegna brota á refsiaðgerðum Bandaríkjanna gegn Íran.

Reuters-fréttastofan hafði eftir háttsettum bandarískum embættismanni að vonir stæðu til að lausn Wangs myndi leiða til þess að fleiri Bandaríkjamönnum yrði sleppt úr haldi Írana. Þetta væri merki um að stjórnvöld í Teheran væru reiðubúin að ræða ýmis málafni.

Samskipti ríkjanna hafa farið versnandi að undanförunu. – sar

Íhaldsflokkurinn með gott forskot fyrir lokasprettinn

Kosið verður til neðri deildar breska þingsins næstkomandi fimmtudag. Íhaldsflokkur Boris Johnson eykur forskot sitt á Verkamannaflokkinn samkvæmt nýrri könnun sem kynnt var í gær. Forsætisráðgjafi talar um sögulegar kosningar. Formaður Verkamannaflokksins segir hægt að kjósa vonina.

BRETLAND Forskot Íhaldsflokksins á Verkamannaflokkinn mælist níu prósentustig samkvæmt nýrri könnun sem BMG gerði fyrir dagblaðið The Independent og birt var í gær. Kosið verður til neðri deildar breska þingsins næstkomandi fimmtudag.

Samkvæmt könnuninni fengi Íhaldsflokkurinn 41 prósent atkvæða sem er tveimur prósentustigum meira en í könnun sem BMG gerði í lok nóvember. Verkamannaflokkurinn mælist nú með 32 prósent sem er einu prósentustigi minna en í síðustu könnun. Brexit-flokkurinn mælist áfram með fjögur prósent.

Boris Johnson, forsætisráðgjafi og leiðtogi Íhaldsflokksins, ritaði opið bréf þar sem hann segir kosningarnar á fimmtudaginn sögulegar. Þar gefist Bretum tækifæri til að halda áfram eftir Brexit.

Johnson vildi ekki svara því í samtali við Sky-fréttastofuna hvort hann myndi segja af sér embætti forsætisráðgjafi ef flokkur hans næði ekki meirihluta í neðri deild þingsins.

Þá ítrekaði hann að samkvæmt Brexit-samningi sínum yrði ekkert eftirlit með vöruflutningum til og frá Norður-Írlandi. Það væri rangt sem fram kæmi í minnisblaði fjármálaráðuneytisins sem var lekið að sú yrði raunin.

Jeremy Corbyn, leiðtogi Verkamannaflokksins, segir hins vegar að kosningarnar séu tækifæri til að kjósa von. Hann bjóði upp á metnaðarfullu áætlunina til að breyta samfélaginu í áratugi.

Skuggafjármálaráðgjafi Verkamannaflokksins, John McDonnell, sagði í samtali við BBC að flokkurinn ætlaði að umbreyta hagkerfinu fengi hann til þess umboð. Markmiðið væri að efnahagskerfið virkaði fyrir alla sem þýddi að breyta yrði formi kapitalismans.

Kosningabaráttan er nú komin á lokametruna og í gær lögðu flokk-



Jeremy Corbyn, leiðtogi Verkamannaflokksins, á kosningafundi í Llanfairfechan í Wales. NORDICPHOTOS/GETTY

» Kosningarnar sem fram fara í skugga Brexit verða næstkomandi fimmtudag.

arnir áherslu á lykilatriði í kosningastefnu sinni. Skilaboð Íhaldsflokksins snerust um loforð um upptöku ástralska kerfisins í innflytjendamálum. Þannig yrði sérstöku stigakerfi beitt til að koma stjórn á innflutning ósérhæfðs vinnuaflds.

Verkamannaflokkurinn minnti á áætlun sína um velferðarmál þar sem í boði yrði ókeypis persónuleg velferðarþjónusta fyrir aldraða. Þá yrði 10 milljörðum punda aukalega varið til velferðarmála til 2024.

Frjálslyndir demókratar, sem mældust með 14 prósent fylgi í könnun BMG, héldu á lofti áætlun sinni um svæðisbundna jöfnun. Þannig yrði allt 50 milljörðum punda varið í fjárfestingar í innviðum utan Lundúna.

Nicola Sturgeon, leiðtogi Skoska þjóðarflokksins, telur að framtíð Skotlands sé undir í kosningunum.

Hún biðlar til kjósenda að fylkja sér að baki flokknum til að flýja Brexit, vernda heilbrigðiskerfið og setja framtíð Skotlands í hendur Skota sjálfra.

Þótt umræða um Brexit hafi verið áberandi í kosningabaráttunni eru fjölmörg önnur mál kjósendum ofarlega í huga. Þannig stóð sjónvarpsstöðin Channel 4 fyrir kappæðum þar sem fulltrúar flokkanna ræddu um allt nema Brexit. Þar var meðal annars rætt um heilbrigðismál, velferðarmál, efnahagsmál og loftslagsmál. sighvatur@frettabladid.is



Atvinnubílar

Nokkur eintök í boði

Gerðu kjarakaup fyrir áramót

Traustir vinnufélagar

Volkswagen **Crafter**
Frá 5.548.387 án vsk

Tilboðsverð frá 4.830.000 kr. án vsk.

Volkswagen **Transporter**
Frá 3.991.935 án vsk

Tilboðsverð frá 3.540.000 kr. án vsk.

Volkswagen **Amarok**
Frá 8.190.000 m/vsk

Tilboðsverð frá 7.490.000 kr. m/vsk.

Volkswagen **Caddy**
Frá 2.766.129 án vsk

Tilboðsverð frá 2.400.000 kr. án vsk.

*Búnaður á mynd getur verið frábrugðinn bílum á tilboðsverði. Sjá staðalbúnað á volkswagen.is.

www.volkswagen.is

 HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is

SÍÐASTI DAGURINN!



FELLUM NIÐUR JAFNGILDI VIRÐISAUKASKATTS AF
ÖLLUM ÍSLENSKUM BÓKUM, **SÍÐASTI DAGURINN!**

*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 11% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 9,91% er alfríð á kostnað Pennans. Gildir ekki með öðrum tilboðum.



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9



Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími verðlækkunar er 9. desember, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Áhyggjuefni



Hörður Ágísson
hordur@frettabladid.is

Þótt við siglum nú inn í samdráttarskeið er ágætt að hafa það hugfast að þjóðarþúið hefur aldrei staðið styrkari fótum. Tvær fréttir í liðinni viku eru til marks um það. Þannig nema eignir lífeyrissjóðanna nú yfir 5.000 milljörðum, sem jafngildir nærri 180 prósentum af landsframleiðslu, og þá heldur erlend staða þjóðarbúsins áfram að batna og var í lok þriðja ársfjórðungs jákvæð um 714 milljarða, eða sem nemur um fjórðungi af landsframleiðslu, og hefur aldrei mælst sterkari. Fáar þjóðir í Evrópu geta státað af slíkri stöðu. Árið hefur verið lífeyrissjóðunum, sem hafa það hlutverk að ávaxta sparnað allra landsmanna, afar hagfelld og útlit er fyrir að raunávöxtun stærstu sjóðanna verði vel yfir tíu prósentum. Þar munar mestu um miklar verðhækkningar á erlendum hlutabréfum.

Vægi erlendra eigna í eignasöfnum lífeyrissjóðanna hefur stóruaukist. Eftir að hafa verið læstir á bak við fjármagnshöft í átta ár hafa erlendar eignir þeirra aukist um þriðjung frá 2017 og eru nú um 30 prósent af heildareignum. Æskilegt er að hlutfallið verði að lágmarki um 50 prósent til lengri tíma lítið. Með sama framhaldi, þar sem meirihluta af árlegum iðgjöldum er ráðstafað til erlendra fjárfestinga, er ekki langt í það markmið náist. Það er ekki aðeins skynsamlegt út frá sjónarmiðum um áhættudreifingu, heldur einnig til að koma í veg fyrir neikvæðar efnahagslegar afleiðingar þegar lífeyristaka eftirstriðs-kynslóðarinnar hefst. Iðgjaldgreiðslur til þeirrar kynslóðar muna þá setja þrýsting á greiðsluþöfnuðinn. Slík uppbygging á erlendu eignasafni lífeyrissjóðanna þarf að haldast í hendur við innflæði erlends fjármagns til að lágmarka áhrifin á gengisstöðugleika.

Þessi þróun er að verða á sama tíma og bankakerfið er að skreppa saman. Eignir lífeyrissjóðanna eru nú meiri en bankanna og þeir orðnir umfangsmestu leikendurnir í íslensku fjármálakerfi. Fyrirséð er að bilið mun halda áfram að breikka. Þunginn í fjármagnskerfinu, eins og seðlabankastjóri nefndi í erindi sínu á SFF-deginum í lok síðasta mánaðar, er að færast frá bönkum til lífeyrissjóða. Við sjáum þetta í stóruauknum sjóðfélagaálagnum á síðustu árum – í október námu þau 14 milljörðum og hafa aldrei verið meiri í einum mánuði – en ástæða er til að ætla að sjóðirnir komi í ríkara mæli að fjármögnun fyrirtækja, einkum þeirra stærri, þegar þau fara að nýta sér meira skuldabréfamarkaðinn til að sækja sér lánsfé.

Til skemmri tíma er samt hætt við því að þetta muni ekki ganga svona snurðulaust fyrir sig. Stífar eiginfjárvæðing og háir sértækir skattar hafa valdið því að sumir bankar eru að minnka efnahagsreikning sinn, sem birtist í útlánasamdrætti og yfirlýstri stefnu Arion um að minnka fyrirtækjalánasafn sitt um fimmtung á einu ári. Á sama tíma eru lífeyrissjóðir að horfa út fyrir landsteinana og því spurning um getu þeirra til að taka við af bankakerfinu. Hvaðan á þá fjármagnnið að koma? Hefðbundin atvinnuvegafjárfesting hefur skroppið saman sex ársfjórðunga í röð og óvist hvenær hún mun taka við sér. Þrátt fyrir vaxtalækkanir hefur því þringt að aðgengi fyrirtækja að lánsfé. Þetta er verulegt áhyggjuefni, enda er atvinnuvegafjárfesting grunnur að verðmætisköpun framtíðarinnar, sem stjórnvöld geta ekki horft á aðgerðalaus mikið lengur. Kerfið er stíflað.



Þetta er verulegt og vaxandi áhyggjuefni enda er atvinnuvegafjárfesting grunnur að verðmætisköpun framtíðarinnar.

Halldór



Frá degi til dags

Hin útvöldu

Loftslagsráðstefna SP fer nú fram í Madrid. Auk umhverfisráðherra fara þangað fjórir þingmenn. Þar á meðal Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Sigríður Á. Andersen. Þessi sami Sigmundur og nýlega skrifaði grein í erlent tímarit þar sem hann sagði að bráðnun jökla á Íslandi væri ekkert vandamál. Já, og þessi sama Sigríður og nýlega sakaði Umhverfisstofnun um að stunda falsfréttir við framsetningu á tölfræði. Sigmundur hefur varað við áhrifunum sem umræðan hafi á börn. Vonandi hittir hann Gretu Thunberg og útskýrir að það sé ekkert að óttast.

Tækifærismennska

Mikill viðsnúningur hefur orðið hjá dómsmálaráðherra um meint fordæmisgildi Landsréttarmálsins. Þótt mögulegt fordæmisgildi hafi verið meðal helstu röksemda fyrir endurskoðun yfirdeildar MDE hefur ráðherra blásið á það nú þegar Pólverjar hafa lýst stuðningi við mannréttindabrot íslenskra stjórnvalda. Þótt þeir telji íslenska málið mikilvægt fyrir framtíð slíkra brota í Evrópu snýr ráðherra frá fyrri áherslum og segir málið ekkert fordæmisgildi hafa fyrir Evrópu. Hvað er þá eftir af mikilvægi endurskoðunar annað er sérhagsmunir laskaðra stjórnmalamanna? sikhvatur@frettabladid.is adalheidur@frettabladid.is

Hvernig mælum við gæði?



Bryndis Haraldsdóttir
þingmaður Sjálfstæðisflokksins

Það er ýmislegt sem við stjórnmalamenn erum gagnrýnd fyrir, stundum með réttu og stundum með röngu. Nú heyrir þvi kastað fram að þjóðkjörnir fulltrúar fari ekki að vilja þjóðarinnar og vísað til þess að Ísland verji 8,3% af vergri landsframleiðslu (VLF) til heilbrigðismála samkvæmt því sem kemur fram í nýrri skýrslu OECD en meðaltal OECD-ríkja er 8,8 prósent og öll hin Norðurlöndin eru yfir 9%.

Samburður OECD eru oft ágætir til sins brúks en geta aldrei verið einhvers konar alfa omega á hvort við séum að standa okkur í viðkomandi málaflokki. Að halda slíku fram eru rugludallarök.

Í fyrsta lagi segir þessi samanburður auðvitað ekkert um gæði heldur eingöngu hversu háu hlutfalli af VLF er varið í heilbrigðismál. Landsframleiðsla sveiflast í takt við efnahagsástandið hverju sinni. Þörfin á fjármunum í heilbrigðiskerfið er í engu samræmi við efnahags-sveiflur nema ef vera skyldi í öfuga átt og því ætti heilbrigðiskerfinu að vera hlíf við niðurskurði þegar illa árar. Fjárförf kerfisins hlýtur frekar að vera í takt við aldurssamsetningu þjóðarinnar þar sem eldra fólk notar heilbrigðisþjónustu oftar en yngra. Þá er almennt heilbrigði og lýðheilsa betri mæling á þörf innan heilbrigðiskerfisins en landsframleiðsla.

OECD færði okkur PISA-niðurstöður um daginn en þar kemur ýmislegt áhugavert fram. Skólakerfið stendur sig vel á ákveðnum sviðum en því miður miðar okkur ekki upp á við í lesskilningi. Það er áhyggjuefni og ber að taka alvarlega. En það er líka mæling á því hvernig íslensk börn standa í samanburði við börn í öðrum löndum. Hlutfall af VLF sem varið er til menntamála segir ekkert um raunverulega stöðu.

Hvernig stendur íslenskt heilbrigðiskerfi sig í samanburði við önnur lönd, hversu fljótt og vel læknað kerfið þá sjúku? Hvernig er lýðheilsa þjóðarinnar í samanburði við aðrar þjóðir? Hvernig liður sjúklingum í okkar heilbrigðiskerfi í samanburði við nágrannalöndin? Hversu ánægð erum við með þjónustu kerfisins?

Ég held að þessar spurningar og svör við þeim þurfi að liggja til grundvallar við alla ákvarðanatöku um hvar megi efla það mikilvæga kerfi sem heilbrigðiskerfið er.



Þá er almennt heilbrigði og lýðheilsa betri mæling á þörf innan heilbrigðiskerfisins en landsframleiðsla.

Er jeppinn tilbúinn í jólafríið?



Veldu öruggt **TUDOR** start fyrir jeppann í vetur



Mælum • Skiptum • Traust og fagleg þjónusta



Skorri ehf • Bildshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is

Gott skap og skóli

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Aföstudagsmorgun hrökk ég fyrirvaralaust í gott skap. Ég átti alls ekki von á því. Ekki það að ég sé endalaust í vondu skapi. Ég er almennt þokkalegur. En þarna semsagt, þennan myrka desembermorgun, fór ég beinlínis í stuð. Ég gekk hálf-dansandi út úr grunnskóla sonar míns, skælbrosandi og smellandi fingrum. Þetta var auðvitað alls ekki við hæfi né í anda ímyndarinnar um hinn veðurbarða, þungbúna eyjarskeggja sem einungis ber að tala í einsatkvæðis orðum út um sprungnar varir í köldu skammdegi. Hvað gerðist?

Jú, það var jólasöngur. Og í þetta skipti, eins og yfirleitt, myndaðist ljómandi góð stemning. Textunum var varpað á vegginn. Krakkarnir sungu hátt og snjallt. Ég tók upp á því að standa ekki bara upp við vegg afsíðis og hlusta með krosslagðar hendur,

heldur vék kaldlyndið skyndilega fyrir einlægum söng. Ég hreifst með. Söng hástöfum. Og hið sama gerðu flestir aðrir.

Eftir því sem leið á sönginn fann ég að velliðunartilfinning fór um mig. Maður varð allur léttari og vinalegri. Í tíðindaleysi daganna fann ég að sjálfsgöðu drjúgt tóm síðar um daginn til þess að gúggla þetta mál. Hvað gerist við söng?

Grunaði ekki Gvend. Það fyrsta sem kom upp var lærð útlistun á því að við söng eykst framleiðsla endorfins í líkamanum, sem eykur velliðan. Súrefnisflæði eykst jafnframt við söngöndunina sem leiðir til efnaferlis sem beinlínis virkar til að slá á þunglyndi og kvíða. Maður fer í gleðiástand.

Öndun og þakklæti

Ein ástæða þess að mér fannst þetta forvitnilegt var sú að ég hafði fyrr í vikunni hlýtt á frásögn vinar míns af því þegar hann fór í sérstakt öndunarjoga. Mikíð vöðvabúnt hafði mælt með þeirri tegund jóga. Sá kraftaköggull lýsti reynslunni þannig að hann hefði beinlínis endað hágrátandi á dýnunni, í einhvers konar allsherjargleði yfir tilvistinni. Það eykur mér gleði að sjá þá senu fyrir mér. Og vinur minn, sem-sagt, varð jafnframt — eftir einn

og hálfan tíma af öndunaræfingum — gripinn á móta þakklæti yfir undri lífsins.

Söngur, eins og ég skil það eftir gúgglið, er vissst öndunarjoga. Hann virðist auka velliðan á svipaðan hátt. Það meikar sens. Ég býst við að margir viti þetta. Erfitt er að vera reidur í kór. Að vera illur í samsöng er súrealísk þæling. Ég hugsa að það sé nánast líffræðilega ómögulegt, alveg eins og það er karlmönnum — samkvæmt ótal fésbókarfærslum liðinnar viku — líkamlega ómögulegt að lyfta kalli og rétta úr sér með enni upp að vegg. Maður getur ekki sungið og viðhaldið fýlu mjög lengi.

Þæling

Hvað er hægt að gera við svona vitneskju? Jú, almennt held ég að það sé eftirsóknarvert í samfélagi að sem flestir séu í góðu skapi. Aðeins einu sinni hef ég lent í því á lífsleiðinni að naga mig í handarbökin yfir því að hafa verið í of góðu skapi. Það var þegar ég rakst á mann sem mér líkar frekar illa við, út af svolitlu, en ég gleymdi að vera þurr á manninn við hann út af því að ég var í svo góðu skapi. Ég heilsaði honum alltof glaðlega. Var lengi að jafna mig á þessu.

Að slíkum atvikum undan-



Aðeins einu sinni hef ég lent í því á lífsleiðinni að naga mig í handarbökin yfir því að hafa verið í of góðu skapi. Það var þegar ég rakst á mann sem mér var frekar illa við en gleymdi að vera þurr á manninn við hann af því ég var í svo góðu skapi.

skildum er gott skap auðvitað forsenda þess að manni verði meira úr verki og sé móttækilegur fyrir umhverfi sínu. Að því sögðu er það verulega áleitid spursmál af hverju í ósköpunum það er ekki meira gert með svona einfaldar aðferðir, eins og söng og öndun, til þess að auka velliðan fólks og bæta geð. Ég mælist svosem ekki til þess að þingfundir eða borgarstjórnarfundir hefjist með samsöng. Of margir myndu líklega fá bjánahroll. Ýmislegt annað í

svipuðum dúr mætti þó gera, eins og að bjóða stjórnmalafólki upp á öndunarjoga bak við luktar dyr þar sem það gæti grátid saman á dýnum og fyllst gleði og þakklæti í stað þess að kalla hvert annað drullusokka.

Endalaust er jafnframt rætt um skólakerfið og stöðu þess. Nú síðast fengu nemendur landsins afleita einkunn í lesskilningi í alþjóðlegri Pisa-könnun. Sagt er að þessi niðurstaða sé verulega mikil vonbrigði vegna þess að menntayfirvöld hafi lagt sérstaka áherslu á það að auka lesskilning. Nú á ég tvö börn á grunnskólaaldri. Þessa auknu áherslu hef ég einkum greint í því að börnin hafa verið að fá sent með sér heim einhvers konar línurit þar sem segir hvað þau geta lesið mörg orð á mínútu.

Mig grunar að orsökkin fyrir falleinkunn í lesskilningi liggi ekki í því að börnin séu ekki látin lesa nógu mikið heldur í því að lesturinn er ekki skemmtilegur. Kannski þarf að syngja fleiri orð. Einnig held ég að velliðan og hinar einföldu aðferðir til að stuðla að henni séu vanmetnar sem forsenda meiri árangurs. Fyrir næstu könnun ættum við kannski helst að gera þetta og jafnvel lítið meira: Draga andann djúpt.

TM

HLUTAFJÁRÚTBOÐ HEFST KL. 10:00 Í DAG

TM hf. hyggst bjóða til sölu 93.750.000 nýja hluti í TM, eða sem samsvarar um 13,8% af útgefnu hlutafé félagsins. Markmið útboðsins er fjármögnun á kaupum TM á öllu hlutafé Lykils fjármögnunar hf.

Heildarsöluandvirði útboðsins er áætlað nema 3,0 milljörðum króna, fáist áskrift að öllum þeim hlutum sem boðnir eru til sölu í útboðinu.

Útboðið nær til nýrra hlutabréfa í félaginu og skiptist í tvennt:

1. Forgangsréttarútboð til hluthafa í TM
2. Almennt útboð til íslenskra fjárfesta

Bæði forgangsréttarútboðið og almenna útboðið lúta reglum laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti varðandi almenn útboð. Í auglýsingu þessari er hugtakið "útboð" notað sem samheiti um útboðin tvö.

Heildarfjöldi útgefna hluta í TM hf. ("TM") er 678.142.669 og hyggst félagið gefa út 93.750.000 nýja hluti til viðbótar. Hver hlutur er 1 króna að nafnverði og hafa hlutirnir verið gefnir út í samræmi við íslensk lög. Viðskipti með hina nýju hluti verða í kerfum Nasdaq Iceland undir auðkenninu TM (ISIN: IS0000000586).

Allir hlutir í útboðinu verða seldir á sama útboðsgengi sem verður 32,0 kr. á hlut eða sem samsvarar 9,1% afslætti af dagslokaverði hlutabréfa TM á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. þann 3. desember 2019. Forgangsréttarhafar að hinum nýju hlutum TM eru þeir aðilar sem skráðir eru hluthafar TM kl. 17:00 (GMT) þann 12. desember 2019 og þeir aðilar sem fengið hafa forgangsrétt framseldan til sín og tilkynnt hafa um framsalið fyrir þann tíma samkvæmt reglum útboðsins.

Seljandi mun fyrst úthluta hinum nýju hlutum til þeirra aðila sem njóta forgangsréttar. Verði enn nýjum hlutum í TM óúthlutað eftir úthlutun til forgangsréttarhafa, verður þeim úthlutað í almenna útboðinu og mun útgefandi einhliða ákveða hvernig úthlutun þessara hluta verður háttáð.

Gert er ráð fyrir að niðurstöður útboðsins verði birtar opinberlega 13. desember 2019. Eindagi kaupverðs í útboðinu er áætlaður þann 17. desember 2019 og er gert ráð fyrir að hinir nýju hlutir verði teknir til viðskipta og að viðskipti með þá hefjist þann 18. desember 2019.

Arion banki hefur umsjón með útboðinu og er einnig söluaðili í útboðinu.

Helstu skilmálar útboðsins:

- Engin lágmarksfjárhæð er á áskriftum í forgangsréttarútboðinu
- Hver áskrift í almenna útboðinu skal vera að lágmarki 100.000 kr.
- Tekið verður við áskriftum á vef Arion banka hf. (www.arionbanki.is/tm-utbod) frá 9. desember 2019 kl. 10:00 (GMT) til 12. desember 2019 kl. 17:00 (GMT)
- Fjárfestar hafa heimild til að bæta við áskrift sína eða fella hana niður á útboðstímabilinu
- Aðstoð vegna útboðsins má nálgast hjá verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf Arion banka í síma 444-7000 milli kl. 09.00 og 16.00 dagana 9. desember til 12. desember 2019 og tölvupóstfanginu tm-utbod@arionbanki.is

Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útboðinu er bindandi við lok útboðstímabilsins.

Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel upplýsingar um TM og skilmála útboðsins í lýsingu TM og er sérstaklega bent á kafla um áhættuþætti, bæði er varðar rekstur TM og almenna áhættu sem er samfara því að fjárfesta í hlutabréfum.

Nánari upplýsingar:

Útgefandi lýsingar er TM hf., kt. 660269-2079, Síðumúla 24, 108 Reykjavík. Nánari upplýsingar um TM, hlutabréf félagsins og skilmála útboðsins má finna í lýsingu félagsins sem dagsett er 4. desember 2019 og birt er á www.tm.is/fjartfestar. Þar má nálgast lýsinguna næstu 12 mánuði.

Vardy eldist eins og gott vín

Enski framherjinn Jamie Vardy leikur við hvurn sinn finger þessa dagana og fer fyrir titilbaráttu Leicester. Markahrókurinn skoraði í áttunda leiknum í röð og virðist njóta þess að spila á ný eftir að Brendan Rodgers tók við liðinu í ársbyrjun.

ENSKI BOLTINN Líkt og fyrri daginn hefur neikvæð umræða engin áhrif á Jamie Vardy. Enski framherjinn fer inn á völinn til að hafa gaman, skora mörk og vinna leiki og er að blómstra undir stjórn Brendans Rodgers þrátt fyrir að vera að nálgast seinni ár ferilsins. Vardy skoraði í áttunda leiknum í röð um helgina þegar hann skoraði tvö mörk í 4-1 sigri Leicester á Aston Villa og fer fyrir titilbaráttu félagsins sem er eina liðið sem virðist geta haldið í við Liverpool þessa dagana.

Kallaði Vardy barnalegan

Degi fyrir leik Leicester og Aston Villa var Claude Puel í viðtali við enska blaðið Daily Mail þar sem hann sagði að það væri erfitt að vinna með enska framherjanum.

Vardy átti besta tímabil lífs síns undir stjórn Claudio Ranieri þegar Leicester vann meistaratitilinn en náði aldrei sömu hæðum undir stjórn Craigs Shakespeare né Puel. Eftir slök úrslit var sá franski látinn róa fyrir á þessu ári eftir 51 leik þar sem Vardy skoraði 23 mörk og virtist Puel kunna vel við Vardy þó að hann ætti erfitt með að ná til hans.

„Jamie er góður maður en hann getur verið barnalegur. Hann þarf á stuðningi að halda og athygli. Samband okkar var erfitt þar sem ég var ekki enskur og átti fyrir vikið erfitt með að ræða við hann og tjá mig.“

Þetta er ekki í fyrsta sinn á þessu tímabili sem fjölmiðlar vekja athygli á vandræðunum sem fylgja Vardy. Fyrir á þessu ári var barnshafandi eiginkona Vardys gagnrýnd fyrir að leka upplýsingum um Rooney-fjölskylduna til slúðurmiðla.

Líkt og þegar gagnrýnin beindist að eiginkonu Vardys, Rebekah Vardy, náði Jamie að svara fyrir sig inni á vellinum. Hefur hann skorað í hverjum leik af þeim átta leikjum sem eru liðnir síðan Coleen Rooney, eiginkona Waynes Rooney, gagn-

» Fjögur ár eru liðin síðan Jamie Vardy bætti met Ruud van Nistelrooy og skoraði í ellefu leikjum í röð í deildinni.

rýndi eiginkonu hans. Þá hefur Vardy skorað sextán mörkin sín í ellefu leikjum af sextán á tímabilinu. Er Vardy því kominn með gott forskot á næstu menn í baráttunni um gullskóinn.

Púrtvínið á hilluna

Vardy hefur íðulega verið tengdur við partístand og viðurkenndi á sínum tíma að hann fengi sér íðulega púrtvín í Lucozade daginn fyrir leik. Þá átti hann það til að fá sér skittlesvodka og taka í vörina en hann hefur breytt lífsstíl sínum til hins betra og virðist vera í betra standi en nokkru sinni.

Síðan Brendan Rodgers tók við liði Leicester hefur enginn framherji í Evrópu leikið betur en Vardy. Í 26 leikjum síðan Rodgers tók við Leicester fyrir rétt rúmum níu mánuðum hefur Vardy skorað 25 mörk. Til samanburðar hefur Lionel Messi skorað 23 mörk á sama tíma.

Fram undan eru tveir mikilvægir leikir fyrir Vardy og félagi í titilbaráttu Leicester. Eftir heimaleik gegn Norwich um næstu helgi mæta Refirinn ríkjandi meisturunum í Manchester City og Liverpool með fimm daga millibili þar sem Leicester getur hleypt spennu í titilbaráttuna á ný. Vardy hefur reynst Liverpool erfíður í gegnum tíðina og skorað fimm mörk í fjórum heimaleikjum gegn Liverpool. Hann verður því lykkillinn að því að Leicester nái að saxa á forskot Liverpool.

kristinnpall@frettabladid.is



HETJA HELGARINNAR

●● Þegar ég kom hingað til Leicester vissi ég að Jamie væri einn af bestu framherjum Evrópu og það þyrfti bara að fylla hann af sjálfstrausti til að sýna það á nýjan leik.

Brendan Rodgers, knattspyrnstjóri Leicester

Jamie Vardy

Enski framherjinn lék fyrstu tvö ár ferilsins í utandildinni með Halifax og Fleetwood. Fleetwood fékk metfé fyrir leikmann úr utandildinni þegar Leicester keypti hinn 25 ára gamla Vardy á eina milljón punda árið 2012. Síðan þá hefur Vardy spilað 191 leik fyrir Leicester í efstu deild og er kominn með 96 mörk á sex tímabilum.

●● Átta leikir í röð hjá hinum óstöðvandi Jamie Vardy.

Gary Lineker, sparspek-ingur í Match of the Day.

olís
DEILDIN

Í KVÖLD
KL. 19:15

SPORT

Tryggðu þér áskrift **stod2.is** | 1817

KAUPTU STAKAN LEIK: **vodafone** Síminn

JOJNNA ALGAST

BETRA BORGAR SIG!



dyson

NÝLENT!
DYSON V11 ENN
KRAFTMEIRI EN ÁÐUR



NanoCell AI ThinQ
2019

LG

LG NANOCELL SJÓNVÖRP

49" • 55" • 65" • 75"

VERÐ FRÁ 119.995



**KITCHENAID
JÓLAKAUPAUKI**

KitchenAid

SONOS



SONOS JÓLATILBOÐ

SONOS ONE SL VERÐ 30.990
TILBOÐ 28.990

JBL



JBL LIVE650 HEYRNARTÓL

NÝ KYNSLÓÐ AF JBL HEYRNARTÓLUM
VERÐ 22.990



Saeco



ALSJÁLFVIRKAR KAFFIVÉLAR

MIKIÐ ÚRVAL AF HÁGÆÐA KAFFIVÉLUM
FRÁ SAECO OG PHILIPS

JBL



MARGIR LITIR
Í BOÐI

JBL FLIP5

NÝR VATNSHELDUR BT HÁTALARI
VERÐ 16.990

BETRA BORGAR SIG

Opið alla daga til jóla!



RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

Góð mælistika fyrir Ólympíuleikana

Sundkappinn Anton Sveinn McKee er að vonum ánægður eftir að hafa sett sjö Íslandsmet og tvö Norðurlandamet á EM í 25 metra laug sem lauk í Glasgow um helgina. Hann segist vera ánægður með framfarirnar í aðdraganda Ólympíuleikanna næsta sumar.

SUND Sundkappinn Anton Sveinn McKee er að vonum hæstánægður eftir að hafa sett sjö Íslandsmet á EM í 25 metra laug sem lauk í Glasgow um helgina. Um leið setti Anton Sveinn tvö Norðurlandamet þrátt fyrir að hafa ekki komist á verðlaunapall.

Anton Sveinn byrjaði mótið á fimmtudaginn og þrjú bætti eigið Íslandsmet í 50 metra bringusundi sem dugði honum í 7. sætið á Evrópumótinu. Degi síðar tvíþætti Anton eigið Íslandsmet í 200 metra bringusundi þegar hann kom í mark á 2:02,94 og var átta hundradshlutum úr sekúndu frá því að næla sér í bronsverðlaun.

Anton var með næstbesta tíma undanrásanna í 100 metra bringusundinu og gerði enn betur í úrslitasundinu sem skilaði honum í sjötta sætið þegar hann kom í mark á 56,79. Um leið setti Anton annað Norðurlandamet sitt á mótinu.

Þá var Anton hluti af boðsundsveit Íslands í 4x50 fjörsundi sem setti nýtt landsmet þegar Anton, Kolbeinn Hrafnkelsson, Kristinn Þórarinnsson og Dadó Fenrir Jasmínsson komu í mark á 1:36,97.

Það er því af nógu að taka hjá Antoni sem segir erfitt að svara því hvort árangurinn hafi farið fram úr eigin væntingum fyrir mótið þegar Fréttablaðið heyrir í honum eftir lokasundið.

„Það var erfitt að setja sér einhver markmið fyrir þetta mót. Í fyrsta sinn á mínum ferli hef ég náð að einbeita mér 100 prósent að sundferlinum í ár í staðinn fyrir að vera í skóla eða í vinnu sem hefur tekið helminginn af tíma mínum og orku. Þegar ég var að setja mér markmið fyrir þetta mót með Hafrúnu Kristjánsdóttur, íþróttasálfraðingi ÍSÍ,



Anton Sveinn var að vonum ánægður með framfarirnar í aðdraganda Ólympíuleikanna. NORDICPHOTOS/GETTY

sem hefur reynt mér ofboðslega vel komumst við að því að það væri erfitt að setja sér eitthvert markmið út frá fyrri afrekum. Aðstæðurnar voru allt aðrar. Bæði líkamlega og andlega var ég búinn að ná að einbeita mér betur og ná góðri endurheimt á milli æfinga í aðdraganda mótsins.“

Anton var búinn að tryggja sér þátttökurétt á ÓL og var Evrópumótið að hans sögn, góð leið til að sjá hvar hann stendur.

Við höfum ekki lagt jafn mikla áherslu á 50 metrana en þarna sá maður að styrktaræfingarnar og sprettæfingarnar skiluðu sér.

„Pressan var minni í aðdraganda mótsins eftir að hafa tryggt mér sæti á ÓL fyrir árinu. Ég hafði því í raun engu að tapa og þetta var góð áskorun í undirbúningnum fyrir Ólympíuleikana. Góð leið til að sjá hvað við erum að gera rétt, hvernig tæknin er og þolið, hvernig á að haga sér á milli sunda og auðvitað að læra að hafa gaman. Ég kom inn í þetta mót með frábæru liði og það small allt saman,“ segir Anton sem fer fögurum orðum um íslensku sveitina

sem tók þátt í Evrópumótinu þetta árið.

„Liðsandinn var frábær og aðrir í hópnum stóðu sig vel. Það skiptir miklu máli á stórmótum að hafa gaman, maður er búinn að æfa eins og skepna en ef þú einblínir á að hafa gaman líka nærðu yfirleitt betri árangri. Maður getur ekki breytt neinu líkamlega á síðustu stundu. Það má ekki gleymast að njóta og hafa gaman.“

Aðspurður út í árangurinn í 50 metra sundi sem hefur ekki verið sterkasta grein hans segir Anton hann hafa komið á óvart.

„Það var gaman að byrja mótið af þessum krafti. Til þessa hefur 50 metra sundið verið mín lakasta grein á pappírnum og það var jákvætt að ná strax svona langt í fyrstu grein,“ segir Anton og heldur áfram:

„Við höfum ekki lagt jafn mikla áherslu á 50 metrana en þarna sá maður að styrktaræfingarnar og sprettæfingarnar sem maður hefur verið að vinna í voru að skila sér. Þá höfum við verið að læra betur á hraðastjórnun og skipulagningu fyrir sund, nota orkuna betur í staðinn fyrir að sprengr sig of snemma. Frekar að synda yfirvegað eins og ég reyndi í öllum mínum úrslitasundum og það hjálpaði mér gríðarlega.“

Fram undan er stutt frá hjá Antoni á Íslandi áður en hann heldur til Bandaríkjanna þar sem Ólympíu-undirbúningurinn fer á fullt.

„Núna tekur við verðskuldað frí, heimkoma til að hlaða batteríin áður en ég fer til Bandaríkjanna í byrjun næsta árs og held áfram með undirbúninginn fyrir Tókýo. Þarf að gefa huganum og líkamanum smá hvíld en svo fer allt af stað á ný á nýju ári,“ segir Anton að lokum

kristinnpall@frettabladid.is

MANNRÉTTINDI OG HLUTVERK SMÆRRI RÍKJA
Á ALPJÓÐAVETTIVANGI

10. DESEMBER
ALPJÓÐLEGI
MANNRÉTTINDADAGURINN

Á MORGUN, ÞRIÐJUDAGINN 10. DESEMBER
KL. 9.00-11.00 Í HÁTÍÐARSAL HÁSKÓLA ÍSLANDS

DAGSKRÁ:

Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra ávarpar ráðstefnugesti

Lina al-Hathloul, baráttukona fyrir mannréttindum kvenna í Sádi Arabíu, flytur hátíðarávarp. Systir Linu, Loujain al-Hathloul, hefur setið í fangelsi síðan í maí 2018 fyrir að hafa haldið á lofti kröfu um að konur í Sádi Arabíu fengju ökuréttindi

Pallborðsumræður:

Rita French, sendiherra mannréttinda, varafastafulltrúi Bretlands í mannréttindaráði SP, Genf
Kevin Whelan, Amnesty International, Genf
Petter Wille, fyrrverandi framkvæmdastjóri norsku Mannréttindastofnunarinnar
Harald Aspelund, fastafulltrúi Íslands og varaforseti mannréttindaráðs SP 2019

Auk þess bregðast eftirtaldir við umræðum í pallborði:

Bryndís Haraldsdóttir, Kári Hólmar Ragnarsson, Smári McCarthy,

Umræðustjórn: Sveinn H. Guðmarsson, fjölmiðlafulltrúi utanríkisráðuneytisins



Frá æfingu landsliðsins í Laugardal í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Möguleikinn er til staðar

